

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar til ágúst 2003

Nú liggja fyrir tölur um greiðsluafkomu ríkissjóðs fyrir fyrstu átta mánuði ársins. Þessar tölur sýna sjóðhreyfingar og eru því ekki samanburðarhæfar við ríkisreikning eða fjárlög ársins sem eru sett fram á rekstrargrunni.

Greiðsluafkoma. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 18,3 milljarða króna, samanborið við 16,3 milljarða neikvæða stöðu á sama tíma í fyrra. Fjármunahreyfingar voru hins vegar jákvæðar um 17 milljarða króna í ár sem er tæpum 10 milljörðum betri staða en í fyrra. Jákvæðari staða skýrist nær alfarið af sölu á hlutabréfum ríkisins í Landsbanka Íslands, Búnaðarbanka Íslands og Íslenskum aðalverktökum. Lánsfjárförf ríkissjóðs á fyrstu átta mánuðum ársins 2003 nam 1,3 milljörðum króna samanborið við 9,2 milljarða króna á sama tíma í fyrra.

Tekjur. Heildartekjur ríkissjóðs námu um 170,7 milljörðum króna og hækkuðu um rúmlega 2 milljarða króna frá sama tíma í fyrra, eða um 10,5%. Skýringin á þessum mismun felst fyrst og fremst í auknum tekjum af sölu hlutabréfa ríkisins í viðskiptabönkunum. Skatttekjur ríkissjóðs námu 146,8 milljörðum króna og hækkuðu um 5,8% frá árinu á undan sem jafngildir um 3,8% raunhækkun. Innheimtir tekjuskattar einstaklinga námu um 34,5 milljörðum króna og hækkuðu um 3,9% frá fyrra ári. Innheimta tryggingargjalda nam um 16,5 milljörðum króna og jókst því einnig verulega eða um 10% á milli ára. Þessi aukna innheimta af tekjuskatti einstaklinga og tryggingagjalds endurspeglar hækkun launa, en launavísitala Hagstofunnar hækkaði um 6,5% á sama tíma, auk þess sem hækkun tryggingagjaldsins, um ½%, tók gildi í byrjun þessa árs. Innheimta eignaskatta lækkaði hins vegar um 15,5% á milli ára og nam tæpum 5,4 milljörðum króna, enda voru bæði eignaskattar einstaklinga og fyrirtækja lækkaðir um helming á þessu tímabili. Af öðrum tekjulíðum ríkissjóðs má nefna að um 9% aukning var í innheimtu tekna af virðisaukaskatti. Veruleg aukning var í innheimtu vörugjalda af ökutækjum eða um 54,6% frá fyrra ári, sem stafar fyrst og fremst af auknum innflutningi bifreiða. Auk þess sem innheimta tekna af áfengis- og tóbaksgjaldi jókst um 18,9%, en um þriðjung þeirrar aukningar má rekja til hækkunar á áfengisgjaldi af sterku áfengi og tóbaksgjaldi. Að öllu samanlögðu benda innheimtutölur í ágúst til þess að almenn umsvif í efnahagslífinu séu enn meiri en gert var ráð fyrir í síðustu þjóðhagsspá fjármálaráðuneytisins frá apríl sl.

Gjöld. Greidd gjöld nema 176,9 milljörðum króna og hækka um 11,1 milljarð milli ára. Þar vega tveir málaflokkar þyngst. Greiðslur til almannatrygginga hækka um 5,1 milljarð og til heilbrigðismála um 4,4 milljarða króna. Innan almannatrygginga munar mestu um 2,6 milljarða hækkuð eillilífeyris og örorkubóta, auk þess sem atvinnuleysisbætur hækka um 0,9 milljarða, eða um 40% sem er hlutfallslega mesta einstaka hækkunin milli ára. Innan heilbrigðismála munar mestu um 3,1 milljarðs króna hækkuð til sjúkrahúsa og öldrunarstofnana. Greiðslur til Vegagerðarinnar hækka um 2,5 milljarða og til framhalds- og háskóla um tæpan milljarð. Á móti vega 3,6 milljarða lækkun vaxtagreiðslna, einkum þar sem stór flokkur spariskírteina var á gjalddaga í apríl 2002, auk þess sem greiðslur til reksturs stjórnáslunnar lækka um ½ milljarð króna og sambærileg lækkun er á framlögum til flugmála. Aðrar breytingar milli ára eru minni.

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst (í milljónum króna)

	<u>1999</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>
Innheimtar tekjur.....	121.747	134.279	142.945	152.633	170.668
- Söluhagn. af hlutabr. og eignahl.....	-395	0	3	-3.175	-12.059
Greidd gjöld.....	114.451	127.215	149.841	165.773	176.919
Handbært fé frá rekstri.....	6.902	7.064	-6.897	-16.314	-18.309
Fjármunahreyfingar.....	1.176	1.456	-1.269	7.094	16.982
Hreinn lánsfjárfjönuður.....	8.078	8.520	-8.168	-9.220	-1.327
Afborganir lána.....	-18.324	-28.471	-22.159	-22.122	-18.437
Innanlands.....	-8.653	-14.981	-7.406	-10.067	-6.028

Erlendis.....	-9.671	-13.490	-14.753	-12.055	-12.409
Greiðslur til LSR og LH.....	-1.084	-4.000	-10.000	-6.000	-5.000
Lánsfjárfjöfnuður. brúttó.....	-11.330	-23.948	-40.328	-37.343	-24.764
Lántökur.....	9.915	24.973	36.233	32.171	21.828
Innanlands.....	811	2.981	11.406	9.287	20.095
Erlendis.....	9.104	21.992	24.827	22.884	1.733
Greiðsluafkoma ríkissjóðs.....	-1.414	1.022	-4.092	-5.172	-2.936

Lánamál. Lántökur námu 21,8 milljörðum króna en afborganir voru 18,4 milljarðar. Erlend skammtímalán voru greidd niður um 12,4 milljarða króna og spariskírteini um 4,8 milljarða. Á móti vegur aukin lántaka í innlendum skammtímalánum. eða um 20 milljarða króna. Þá voru greiddir 5 milljarðar króna til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins í því skyni að lækka framtíðarskuldbindingar ríkissjóðs.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst (í milljónum króna)

	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	Breyting frá fyrra ári. %			
	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>
Skatttekjur í heild.....	132.825	138.709	146.806	11,0	6,1	4,4	5,8
Skattar á tekjur og hagnað.....	41.911	43.778	44.303	18,6	19,9	4,5	1,2
Tekjuskattur einstaklinga.....	30.081	33.201	34.511	14,1	15,2	10,4	3,9
Tekjuskattur lögaðila.....	6.663	3.961	2.911	21,0	35,9	-40,6	-26,5
Skattur á fjármagnstekjur.....	5.167	6.616	6.881	55,5	31,4	28,0	4,0
Tryggingagjöld.....	13.861	15.018	16.516	8,4	10,5	9,2	10,0
Eignarskattar.....	6.529	6.346	5.364	12,6	11,7	-2,8	-15,5
Skattar á vöru og þjónustu.....	70.249	73.153	80.306	8,0	-2,0	4,1	9,8
Virðisaukaskattur.....	45.233	48.416	52.752	10,5	-0,6	7,0	9,0
Aðrir óbeinir skattar.....	25.017	24.736	27.553	4,0	-4,4	-1,1	11,4
Þar af:							
Vörugjöld af ökutækjum.....	2.172	1.951	3.017	-11,3	-41,1	-10,2	54,6
Vörugjöld af bensíni.....	4.951	4.802	4.742	10,9	-4,8	-3,0	-1,2
Þungaskattur.....	3.605	3.524	3.596	15,2	9,4	-2,2	2,0
Áfengisgjald og tóbaksgjald.....	5.550	5.654	6.724	5,7	-4,6	1,9	18,9
Annað.....	8.739	8.801	9.475	2,6	7,0	0,7	7,7
Aðrir skattar.....	275	415	317	6,2	32,9	6,5	-23,6
Aðrar tekjur.....	10.121	13.924	23.862	1,3	11,7	37,6	71,4
Tekjur alls.....	142.945	152.633	170.668	10,3	6,5	6,8	11,8

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst

(Í milljónum króna)

	Breyting frá fyrra ári, %						
	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>	<u>2000</u>	<u>2001</u>	<u>2002</u>	<u>2003</u>
Almenn mál.....	14.893	17.881	17.881	14,9	3,3	20,1	0,0
Almenn opinber mál.....	8.663	10.336	9.890	14,4	7,5	19,3	-4,3
Löggæsla og öryggismál.....	6.233	7.545	7.991	15,5	-2,0	21,0	5,9
Félagsmál.....	89.790	101.101	112.439	6,2	18,0	12,6	11,2
Þar af: Fræðslu- og menningarmál.....	19.349	21.666	23.090	8,7	16,1	12,0	6,6
Heilbrigðismál.....	35.662	40.658	45.087	6,6	16,6	14,0	10,9
Almannatryggingamál.....	29.695	32.943	37.767	2,8	21,7	10,9	14,6
Atvinnumál.....	23.369	23.988	26.321	5,4	21,7	2,6	9,7
Þar af: Landbúnaðarmál.....	7.285	7.212	7.233	1,7	24,7	-1,0	0,3
Samgöngumál.....	10.237	10.860	12.668	8,1	22,0	6,1	16,6
Vaxtagreiðslur.....	14.765	15.526	11.920	50,2	14,1	5,2	-23,2
Aðrar greiðslur.....	7.023	7.276	8.358	34,3	54,1	3,6	14,9
Greiðslur alls.....	149.841	165.773	176.919	11,2	17,8	10,6	6,7